



Reykjavík 1.10.2013

Leiðbeiningar Fjármálaeftirlitsins um hvenær fagfjárfestasjóður telst stofnaður.

Fjármálaeftirlitið vekur athygli á því að samkvæmt 4. mgr. 62. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði (vffl.) er skylt að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um stofnun fagfjárfestasjóðs innan eins mánaðar frá stofnun hans.

Í 4. mgr. 62. gr. vffl. segir „*Tilkynna skal Fjármálaeftirlitinu um stofnun fagfjárfestasjóðs innan eins mánaðar frá stofnun hans. Samhliða tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins skal senda Fjármálaeftirlitinu reglur og fjárfestingarstefnu sjóðsins. Jafnframt skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um sjóðstjóra og framkvæmdarstjóra. Allar síðari breytingar á framangreindu skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu tafarlaust.*

Í framangreindum lögum er aftur á móti hvergi að finna skilgreiningu á því hvenær fagfjárfestasjóður telst vera stofnaður í skilningi ákvæðisins. Í ljósi framangreinds og skyldu til að tilkynna um stofnun fagfjárfestasjóðs innan tilskilins frest telur Fjármálaeftirlitið nauðsynlegt að birta leiðbeiningar um það hvenær fagfjárfestasjóður telst stofnaður.

Fjármálaeftirlitið lítur svo á að fagfjárfestasjóður teljist stofnaður í skilningi 4. mgr. 62. gr. vffl., þegar stjórn rekstraraðila hefur undirritað reglur hans enda liggur þá fyrir ákvörðun um stofnun sjóðsins. Miðast eins mánaðar tilkynningarfrestur til Fjármálaeftirlitsins við dagsetningu undirritunarinnar. Allir fagfjárfestasjóðir eru tilkynningarskyldir til Fjármálaeftirlitsins óháð því hvort eignir eða aðrar skuldbindingar hafa myndast í sjóðunum. Á heimasíðu eftirlitsins www.fme.is má finna upplýsingar um þau fylgigögn sem fagfjárfestasjóðum ber að skila þegar sjóðurinn er tilkynntur til Fjármálaeftirlitsins.

Vakin er athygli á því að stofnuðum sjóðum er gert að greiða árlegt eftirlitsgjald á grundvelli 6. tölul. 5. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Í ákvæðinu kemur fram að fagfjárfestasjóðir í rekstri rekstrarfélags eða annars aðila greiða 0,015% af hreinni eign viðkomandi sjóðs, þó aldrei lægri fjárhæð en 200.000 kr.